Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2026.
USK26100013

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um reglubundin þrif á niðurföllum borgarinnar - USK26100013

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 7. október 2026, var lögð fram fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um reglubundin þrif á niðurföllum borgarinnar. Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Eru reglubundin þrif á niðurföllum eða er bara farið af stað ef kvörtun berst um stíflu? Er sérstök vöktun á haustin þegar hætta er á að fallandi lauf myndi stíflur?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins.

Stofn- og tengibrautir í Reykjavík eru sópaðar að lágmarki þrisvar á ári, að vori, sumri og hausti, húsagötur eru að jafnaði hreinsaðar (sópaðar) tvisvar á ári, að vori og hausti. Við sópun gatna þá hreinsast ristar í niðurföllum einnig. Veitur sjá um hreinsun og rekstur lagna frá niðurföllum. Hausthreinsun borgarlandsins hefst alla jafna í byrjun október og stendur yfir í um sex vikur. Við þá hreinsun er sérstök áhersla lögð á að fjarlægja lauf og önnur óhreinindi sem safnast kunna við niðurföll og hindrað eðlilegt frárennsli yfirborðsvatns.

Í Borgarvefsjá er aðgengilegt kort þar sem tilgreindir eru lágpunktar í borgarlandinu og niðurföll sem talin eru sérstaklega viðkvæm fyrir stíflum og vatnssöfnun. Starfsfólk hverfastöðva hefur eftirlit með þessum stöðum þegar veðurfar og aðstæður gefa tilefni til. Þá er ávallt starfsmaður á bakvakt sem fylgist með ástandi í borgarlandinu þegar mikil úrkoma stendur yfir eða aðrar aðstæður skapa aukna hættu á vatnssöfnun.

Reykjavík

Þegar fyrir liggur óhagstæð veðurspá, svo sem vegna asahláku eða mikillar úrkomu, eða þegar mikið lauf hefur safnast fyrir að hausti, er viðbúnaður aukinn eftir þörfum. Þá eru fleiri starfsmenn kallaðir til svo unnt sé að sinna eftirliti með viðkvæmum niðurföllum og bregðast við tilkynningum, meðal annars frá lögreglu.

Verði mikil úrkoma á hefðbundnum vinnutíma er starfsfólki viðeigandi rekstrareiningar falið að sinna hreinsun laufs og annarra óhreininda frá niðurföllum eftir því sem aðstæður krefjast. Þegar vitað er að mikil úrkoma er í vændum er jafnframt farið fyrirfram á skilgreinda lágpunkta og hreinsað frá niðurföllum í því skyni að draga úr hættu á vatnssöfnun. Slíkar fyrirbyggjandi aðgerðir geta þó haft takmörkuð áhrif þegar úrkoma er mikil, enda geta lauf og önnur óhreinindi safnast hratt fyrir á ristum niðurfalla. Af þeim sökum kann að vera nauðsynlegt að hafa viðvarandi eftirlit með viðkvæmustu stöðunum meðan á mikilli úrkomu stendur.

Vatnssöfnun getur jafnframt orðið á stöðum sem ekki hafa áður verið skilgreindir sem lágpunktar. Almennt eftirlit starfsfólks á vettvangi er því mikilvægur þáttur í viðbrögðum borgarinnar og er gripið til aðgerða eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ábendingar frá íbúum um stíflað niðurföll eða vatnssöfnun eru einnig mikilvægar og nýtast við að greina staði þar sem þörf kann að vera á hreinsun eða öðrum úrbótum.

Þegar allt er dregið saman þá byggjast hreinsun og vöktun niðurfalla í borgarlandinu á reglubundinni sópun gatna og árstíðabundinni hreinsun, auknu eftirliti með skilgreindum lágpunktum og viðkvæmum niðurföllum þegar veðurfar gefur tilefni til, viðbrögðum starfsfólks á vettvangi og ábendingum frá íbúum, lögreglu og öðrum aðilum.

Virðingarfyllst,

Karl Eðvaldsson
Skrifstofustjóri, skrifstofa borgarlandsins
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík